

1. SKILGREININGAR

- i. Í skilmálum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Korthafi er reikningshafi kortareiknings. Korthafi er einnig sá einstaklingur sem er með viðskipta-/innkaupakort, þó hann sé ekki reikningshafi.

Reikningshafi er sá sem hefur stofnað kortareikning hjá útgefanda og er ábyrgur fyrir úttektum sem færast á reikninginn, nema annað sé tekið fram.

CVV númer (einnig nefnt CVC) er þriggja stafa númer aftan á kortinu sem korthafi gefur upp til staðfestingar á því að hann sé með kortið í höndunum í netviðskiptum.

Öryggisnúmer er einskiptis öryggisnúmer sem korthafi fær sent með skilaboðum í farsíma. Öryggisnúmerið er notað til að auðkenna korthafann.

Kortareikningur er sá reikningur sem úttektir á kort færast á og sem korthafi framkvæmir með framvísun korts eða númers þess eða með öðrum þeim hætti sem samrýmist skilmálum þessum.

Kort er útgefið kreditkortanúmer en forsenda útgáfu þess er að reikningshafi hafi stofnað kortareikning hjá útgefanda. Kortið getur verið kortanúmerið sjálft, örgjörvi í plastkort sem jafnframt er með segulrönd og kortanúmeri. Kort er einnig virkni með sýndarnúmeri (e. token), sem útgefandi lætur af hendi til korthafa til úttekta án plastkorts með farsíma eða öðru snjalltæki með snertilausum greiðslum og einungis er tengt við einn kortareikning. Kort geta verið ýmist hefðbundin kreditkort, veltikort eða fyrirframgreidd kort.

Persónubundinn öryggisþáttur merkir hvers konar auðkenning sem eingöngu er bundin við viðkomandi einstakling og hann einn getur notað til þess að sanna á sér deili í viðskiptum samkvæmt skilmálum þessum, til dæmis sterk sannvottun, PIN númer, öryggisnúmer, rafræn skilríki, fingrafar eða andlitsskanni.

Sterk sannvottun er auðkenning á grundvelli notkunar tveggja eða fleiri þátta sem flokkast sem þekking, þ.e. eitthvað sem notandinn einn veit, umráð, þ.e. eitthvað sem notandinn einn hefur umráð yfir, og eðlislægni, þ.e. eitthvað sem notandinn er.

Snertilausar greiðslur eru framkvæmdar með búnaði í síma/snjalltæki, t.d. rafrænu veski (e. wallet) sem gerir korthafa kleift að greiða með tækinu án snertingar við posa eða á internetinu. Með snertilausum greiðslum er einnig átt við greiðslur með sýndarnúmeri (e. token). Snertilausar greiðslur eru einnig greiðsla með korti án snertingar við posa.

Útgefandi korta er Arion banki hf. (hér eftir „bankinn“ eða „útgefandi“), sjá nánar 3. gr.

Greiðslukortafyrirtæki eru fyrirtæki sem annast kortavinnslu og færslumiðlun fyrir bankann. Greiðslukortafyrirtæki geta t.d. verið umboðsaðilar VISA og/eða Mastercard.

Færsluhirðir er sá aðili sem tekur við kortafærslum og greiðir þær til þjónustuaðila.

Greiðslufyrirmæli eru hverjar þær aðferðir sem korthafi notar til að greiða með korti sínu. Þær geta verið t.d. snertilaus greiðsla korts, innsláttar persónubundinna öryggisþátta eða annarra upplýsinga sem korthafar geta notað til að framkvæma greiðslur af korti sínu.

Greiðslumiðill er persónubundinn búnaður og/eða aðferðir sem hægt er að nota til að gefa greiðslufyrirmæli. Þetta geta til dæmis verið kort, rafrænt veski, app eða annað.

Úttektartímabil/kortatímabil er auglýst tímabil á vefsíðu Arion banka hf. Notkun kortsins innan tímabilsins kemur til greiðslu á næsta gjalddaga kreditkortsins.

2. SAMÞYKKI SKILMÁLA

- i. Með umsókn, við móttöku kortsins eða notkun kortsins eftir móttöku, samþykkir umsækjandi að fylgja í hvívetna skilmálum Arion banka. Áður en væntanlegur korthafi samþykkir skilmálana ber honum að kynna sér þá vandlega, en þeir eru afhentir korthafa á varanlegum miðli í rafræn skjöl í Netbanka Arion banka þegar sótt er um kortið. Hvenær sem er, meðan á samningssambandi stendur, getur korthafi óskað eftir að fá afhenta kortaskilmála þessa á pappír eða öðrum varanlegum miðli endurgjaldslaut. Þeir eru jafnframt aðgengilegir á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is. Við endurnýjun korts, sem og ef korthafi skiptir um kortategund hjá útgefanda, samþykkir korthafi þá skilmála sem eru í gildi á þeim tíma við fyrstu notkun kortsins. Mismunandi fríðindi og tryggingar fylgja kortategundum bankans og eru þær upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu bankans og geta tekið breytingum án fyrirvara og tilkynningar.
- ii. Almennir viðskiptaskilmálar Arion banka, verðskrá Arion banka, og vaxtafla sem í gildi eru hverju sinni eru hluti skilmála þessara. Korthafar geta ávallt nálgast kreditkortaskilmála þessa, almenna viðskiptaskilmála bankans, verðskrá bankans og vaxtatöflu á vefsíðu Arion banka, www.arionbanki.is.
- ii. Sé korthafi lögaðili er bankanum heimilt að veita upplýsingar um skilmála, verðskrá og vaxtatöflu bankans eingöngu á vefsíðu Arion banka, www.arionbanki.is.
- iii. Ákvæði skilmála þessara sem falla undir gildissvið laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu teljast vera rammisamningur um greiðsluþjónustu milli viðskiptavinar og bankans í skilningi laga um greiðsluþjónustu.

- iv. Korthafi telst hafa samþykkt breytingar á skilmálum þessum nema hann tilkynni útgefanda að hann samþykki þær ekki áður en breytingarnar öðlast gildi.
- v. Kreditkortaskilmálar þessir eru gefnir út á íslensku.

3. UM ARION BANKA HF.

- i. Arion banki er alhliða banki sem veitir viðskiptavinum þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta. Arion banki rekur útibú, afgreiðslur og hraðbanka víðsvegar um landið ásamt því að bjóða viðskiptavinum að stunda bankaviðskipti í gegnum netbanka Arion banka og app Arion banka.
- ii. Helstu upplýsingar um Arion banka:

Arion banki hf.

Borgartúni 19

105 Reykjavík

Ísland

Sími: 444-7000

Kennitala: 581008-0150

Netfang: arionbanki@arionbanki.is

Swift: ESJAISRE

- iii. Arion banki hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og sætir eftirliti Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Frekari upplýsingar um starfsemi Arion banka má finna á vefsíðu bankans: www.arionbanki.is.

4. UMSÓKN OG ÚTGÁFA KORTS

- i. Umsókn um kort skal beint til Arion banka sem er útgefandi kortsins.
- ii. Útgefandi áskilur sér rétt til að leita allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru að hans mati til að afgreiða umsókn, m.a. fletta umsækjanda upp á vanskilaskrá Creditinfo og er heimilt að hafna umsókn án þess að tilgreina ástæðu.
- iii. Áður en kort er gefið út, fari útgefandi fram á það, eða hvenær sem útgefandi fer fram á slíkt, skal umsækjandi leggja fram fullnægjandi tryggingu, að mati útgefanda, fyrir skilvísunum greiðslum úttekta með korti.
- iv. Kort gilda til ákveðins tíma í senn og eru til notkunar innanlands og utan samkvæmt ákvæðum skilmála þessara. Standi korthafi við skuldbindingar sínar er kort hans endurnýjað án umsóknar, þar til skrifleg fyrirmæli berast um annað.

5. VARÐVEISLA OG NOTKUN KORTS

- i. Korthafi hefur einn heimild til notkunar korts.
- ii. Korthafi getur tengt kort við rafrænt veski (e. wallet) til þess að virkja snertilausar greiðslur með farsíma eða öðru snjalltæki. Korthafi er óheimilt að tengja kort sitt við rafrænt veski annars einstaklings.
- iii. Korthafi getur tengt kort við þjónustur þriðja aðila, til dæmis rafrænar greiðslulausnir og/eða vildar- eða afsláttakerfi, í samræmi við reglur bankans hverju sinni.
- iv. Kortið veitir korthafa rétt til greiðslu fyrir vörur og þjónustukaup hjá þeim sölu- og þjónustuaðilum sem taka við kreditkortum. Við notkun kortsins vegna vöru og þjónustukaupa og þegar úttektir eru gerðar með lestri á örgjörva á sölustað, sem og þegar reiðufé er tekið út úr hraðbönkum, skal korthafi staðfesta viðskiptin með persónubundnum öryggisþáttum í samræmi við öryggiskröfur bankans á hverjum tíma til staðfestingar. Í þeim tilvikum sem það er ekki mögulegt, svo sem af tæknilegum ástæðum, skal áritun korthafa með eigin hendi á sölunótu teljast fullgild sem samþykki hans fyrir viðskiptum. Sé greitt með snertilausri færslu með síma eða öðru snjalltæki skal korthafi staðfesta viðskiptin með persónubundnum öryggisþáttum, sé þess óskað.
- v. Korthafi getur framkvæmt snertilausar greiðslur með þar til gerðum örgjörva bjóði söluaðili upp á móttöku slíkra færslna. Slíkar greiðslur eru háðar fjölda- og/eða fjárhæðartakmörkunum hverju sinni. Í netviðskiptum og við framkvæmd símgreiðslu skal korthafi gefa upp nafn, kortanúmer, gildistíma og CVV númer sé þess óskað af söluaðila og jafngildir slík upplýsingagjöf samþykki korthafa fyrir viðskiptunum. Korthafi er óheimilt að gefa upp kortanúmer, gildistíma og öryggisnúmer eða CVV númer nema til þess að framkvæma símgreiðslu eða eiga í netviðskiptum. Gefi hann upp þær upplýsingar ber hann ábyrgð á þeim færslum sem framkvæmdar eru á grundvelli upplýsinganna.
- vi. Við fjar- eða rafrænar færslur, eins og þær eru skilgreindar í lögum um greiðsluþjónustu, kann korthafi að vera krafinn um auðkenningu. Korthafi skal ekki auðkenna greiðslur sem hann kannast ekki við að hafa sjálfur gert. Korthafi ber ábyrgð á öllum auðkenndum færslum, t.d. þeim sem staðfestar eru með sterkri sannvottun eða með öðrum persónubundnum öryggisþáttum.
- vii. Korthafi ber ábyrgð á snertilausum greiðslum sem framkvæmdar eru með greiðslumiðli, (t.d. með snjalltæki, korti eða öðrum hætti eins og lýst er í skilmálum þessum) þar til kortið eða greiðslumiðillinn hefur verið tilkynntur glataður.

- viii. Korthafi getur tekið út reiðufé með kortinu í þeim bönkum, sparisjóðum og hraðbönkum sem bjóða korthöfum kreditkorta slíka þjónustu.
- ix. Sé kortið notað í hraðbönkum eða öðrum sjálfsgreiðslutækjum skal notast við PIN-númer kortsins eða aðra viðurkennda auðkenningar leið.
- x. Útgefandi áskilur sér rétt til að breyta öryggiskröfum sínum án fyrirvara.
- xi. Sölu- og þjónustuaðilar ráða hvaða kortategundum þeir taka við. Sölu- og þjónustuaðilar eru ekki skyldugir til þess að taka við öllum kortategundum undir sama vörumerki.
- xii. Korthafi skuldbindur sig til að greiða að fullu allar úttektir af korti. Skuldbindingin tekur til allra úttekta hvort sem slíkt leiðir af kvittunum úr posa sem korthafi hefur undirritað eða staðfest með persónubundnum öryggisþáttum eða með snertilausum hætti, sem og úttekta sem hann hefur heimilað við símapöntun, með úttekt í hraðbanka, með rafrænum samskiptum, þar með talið viðskiptum á netinu, eða á annan hátt samþykkt til færslu á kortareikninginn.
- xiii. Korthafi er ábyrgur fyrir varðveislu kortsins þannig að óviðkomandi aðili geti ekki komist yfir það, enda ber honum að gæta þess á sama örugga hátt og peninga, tékka og annarra verðmæta. Það gildir einnig ef kort hefur verið tengt við rafrænt veski (e. wallet). Korthafi skal gæta þess að kort hans tengist ekki öðrum stafrænum veskjum en hans eigin. Vakni grunur korthafa um slíkt, t.d. ef honum berst tilkynning um að kort hans hafi verið tengt öðru tæki en hans eigin, skal hann samstundis hafa samband við útgefanda.
- xiv. Korthafa er óheimilt að deila eða veita öðrum upplýsingar um persónubundna öryggisþætti sína. Korthafa ber að grípa til nauðsynlegra varúðar- og öryggisráðstafana til að tryggja persónubundna öryggisþætti sína þannig að óviðkomandi aðili fái ekki aðgang að eða vitneskju um persónubundna öryggisþætti, s.s. leyninúmer eða aðrar aðgangsupplýsingar. Korthafi skal ekki geyma neitt sem veitir upplýsingar um persónubundna öryggisþætti s.s. í veski sínu, snjalltæki eða öðrum rafrænum búnaði með þeim hætti sem gæti verið aðgengilegt öðrum. Varðveiti korthafi persónubundna öryggisþætti sína ekki í samræmi við framangreint telst það stórfellt gáleysi af hans hálfu. Korthafa ber ávallt að gæta að enginn sjái þegar hann notar persónubundna öryggisþætti, eins og t.d. þegar hann slær inn PIN-númer sitt. Korthafi skal ekki samþykkja framkvæmd greiðslu nema hafa sannreynt að um rétta fjárhæð, réttan gjaldmiðil og réttan viðtakanda sé að ræða, og þegar við á rétt öryggisnúmer þegar um rafrænar færslur er að ræða. Sinni korthafi ekki varúðarskyldum sínum telst það stórfellt gáleysi af hans hálfu.
- xv. Korthafi getur stofnað til greiðsluþjónustusamninga um sjálfvirkar greiðslur með korti sínu, s.s. boð-, rað-, léttgreiðslur og afborgunarlán hjá söluaðilum sem það bjóða en um þá gilda sérskilmálar sem ganga framur þessum skilmálum og eru bankanum óviðkomandi. Bankanum eða greiðslukortafyrirtækjunum er heimilt að synja korthöfum um sjálfvirkar greiðslur, s.s. boð-, rað-, léttgreiðslur og afborgunarlán. Verði vanskil á kortareikningi er útgefandi heimilt að stöðva slíkar greiðslur.
- xvi. Við útreikning við uppgjör á erlendum færslum greiðslukorta og færslum í annarri mynt en ISK notar útgefandi gengi, mismunandi eftir aðgerð, sem er birt á heimasíðu Arion banka, www.arionbanki.is. Gengið byggir á viðmiðunargengi VISA á kreditkortafærslum í erlendra mynt, auk álags bankans. Gengið tekur breytingum í samræmi við breytingar á gengisskráningu hjá VISA. Breytingar á gengi taka gildi þegar í stað og án viðvörunar. Úttektir korthafa í erlendra mynt eru alla jafna umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi (sölugengi) sem í gildi er þann dag þegar kaupin fara fram, en frá því geta verið undanþágur sem útgefandi hefur ekki stjórn á. Þær undanþágur sem útgefandi hefur ekki stjórn á eru m.a. eftirfarandi og eru ekki tæmandi taldar;
- Fjárhæð færslu er yfir USD 100.000.-.
 - Færsla er framkvæmd 6 dögum eða síðar eftir þann dag sem kaupin fóru fram.
 - Færsla er send af stað án fullnægjandi upplýsinga eða án heimildarbeiðni.
 - Ósamræmi eru í fjölda heimildarbeiðna og fjölda færslna til nýtingar veittrar heimildar.
 - Færslur sumra tegunda söluaðila, sem dæmi hótél, bílaleigur og flugfélög.
- xvii. Ef korthafi velur að framkvæma færslu í íslenskum krónum í stað heimagjaldmiðils þess lands sem hann er staðsettur í, ber færslan gengi færsluhirðis hins erlenda söluaðila og er bankanum óviðkomandi.
- xviii. Sé um erlendar greiðslur inn á kortareikning sem ekki eru endurgreiðslur eða leiðréttingar hefur bankinn heimild til þess að umreikna færslurnar á kaupgengi korta sem er í gildi í greiðsluviðskiptum milli landa þegar færsla berst útgefanda.
- xix. Notkun korts í gjaldeyrisviðskiptum fellur undir upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um gjaldeyrisráðgjafi og reglugerð eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.
- xx. Viðtökutími greiðslufyrirmæla er sá tími þegar greiðslufyrirmæli berast útgefanda og eru úttektir að jafnaði færðar samdægurs á reikning korthafa. Útgefandi telst ekki hafa mótttekið greiðslufyrirmæli fyrr en hann hefur mótttekið allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma greiðsluna. Greiðslufyrirmæli skulu teljast óafturkallanleg frá því að útgefandi hefur mótttekið greiðslufyrirmæli í samræmi við ákvæði þetta. Þrátt fyrir framangreind getur korthafi afturkallað greiðslufyrirmæli sem gerast eiga í framtíðinni einum viðskiptadegi fyrir umsaminn greiðsludag.
- xxi. Ef notandi greiðsluþjónustu bankans er ekki neytandi skulu ákvæði IV. kafla laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu og ákvæði 1. og 2. mgr. 62. gr., 3. mgr. 64. gr., 78., 80., 82., 83., 86. og 93. gr. sömu laga ekki gilda um þjónustuna.

6. HÁMARKSÚTTEKT OG KORTATÍMABIL

- i. Viðskipti með kort eru bundin við ákveðnar hámarksfjárhæðir mismunandi eftir tegund korts, sölu- og þjónustuaðilum. Arion banki ákveður einhliða úttektarheimildir fyrir hvert kort og getur fellt niður ónýtta úttektarheimild einhliða og án tilkynningar til korthafa.
- ii. Hvert kort hefur úttektarheimild óháða úttektartímabili/kortatímabili. Heimildin er ákveðin af útgefanda og korthafi skuldbindur sig til að nota kortið ekki umfram tilgreinda úttektarheimild. Hvert kort hefur einnig hámarksúttektarheimild sem getur verið önnur en úttektarheimild kortsins. Hámarksúttektarheimild er óháð úttektartímabili/kortatímabili. Ef korthafi er handhafi fleiri en eins kreditkorts þá ákveður útgefandi samanlagða hámarksúttektarheimild óháð úttektartímabilum/kortatímabilum. Hámarksfjárhæð heimilaðrar peningaúttektar kemur fram á heimasíðu útgefanda og ákvarðast m.a. af tegund korts og úttektarheimild korthafa. Inneign á fyrirframgreiddu korti jafngildir úttektarheimild þess á hverjum tíma.
- iii. Útgefanda er heimilt að synja um heimild fyrir úttekt á korti. Algengustu ástæður þess að útgefandi synjar úttektarbeiðni eru eftirfarandi:
 - a. Kort hefur verið tilkynnt glatað eða stolið.
 - b. Korthafi fer yfir úttektarheimild kortsins og/eða hámarksúttektarheimild korthafa.
 - c. Skuld korthafa við útgefanda er gjaldfallin.
 - d. Korthafi er í verulegum vanskilum við útgefanda.
 - e. Rangt PIN-númer hefur verið slegið inn eða aðrir persónubundnir auðkennisþættir passa ekki.
 - f. Gildistími kortsins er útrunninn.
 - g. Lög kveða á um annað.
 - h. Röktstuddur grunur er uppi um óheimila eða sviksamlega notkun kortsins. Útgefandi gerir korthafa viðvart við fyrsta hentugleika. Reynist sá grunur ekki á rökum reistur er opnað fyrir heimildagjöf þegar ástæður fyrir stöðvun notkunar eru ekki lengur fyrir hendi.
- iv. Kortatímabil, sem reikningsyfirlit korthafa miðast almennt við, er mánuður og er byrjun og lok þess auglýst á vefsíðu útgefanda, www.arionbanki.is.
- v. Færsludagur ákvarðar í flestum tilfellum á hvaða kortatímabil úttekt færir. Þó getur skiladagur færslu til útgefanda orðið til þess að færsla færir á næsta tímabil.
- vi. Takmarkanir eru á fjárhæð stakra greiðslna korta en ekki er hægt að stilla slíkar takmarkanir sérstaklega af. Hægt er að fá slíkum takmörkunum sérstaklega aflétt.

7. HLUNNINDI OG ÞJÓNUSTA

- i. Korti geta fylgt ýmis hlunnindi og þjónusta, svo sem fríðindi, tryggingar og neyðarþjónusta samkvæmt nánari upplýsingum á heimasíðu útgefanda, www.arionbanki.is, hverju sinni. Útgefandi hefur heimild til að breyta, auka eða fella niður hlunnindi og/eða fríðindi samkvæmt þessum skilmálum án sérstakra tilkynninga.
- ii. Korthafi getur óskað eftir neyðaraðstoð og skal hafa samband við þjónustuver bankans á afgreiðslutíma en í neyðarsíma greiðslukortafyrirtækis utan afgreiðslutíma bankans, eins og lýst er á heimasíðu bankans. Þjónustuver þeirra eru opin allan sólarhringinn.

8. GREIÐSLUSKIL

- i. Útgefandi hefur heimild til að færa á reikningsyfirlit korthafa allar úttektir sem berast á kortareikning hans. Korthafi er ábyrgur fyrir greiðslu á öllum þeim úttektum sem berast á kort hans og skal greiða á gjalddaga hvers tímabils. Séu úttektir korthafa ekki greiddar á gjalddaga er útgefanda heimilt að loka kortinu og innheimta skuldina, allt á kostnað korthafa. Úttektir korthafa eru almennt vaxtalausar fram að gjalddaga, en greiði korthafa ekki úttektir tímabilsins á eindaga ber skuldin dráttarvexti, sbr. ii. lið 8. gr.
- ii. Útgefandi sendir reikningshafa mánaðarlega eða birtir rafrænt reikningsyfirlit yfir úttektir tímabils sem gjaldfalla á næsta gjalddaga, upplýsingar um stöðu reikningsins við lok úttektartímabilsins og áfallinn kostnað og vexti á eindaga, auk greiðslutíma með greiðsluseðli eða rafrænum hætti. Hafi greiðsla ekki borist innan þess tíma skulu greiðast dráttarvextir í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá og með eindaga til greiðsludags, eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, auk kostnaðar vegna innheimtu í samræmi við verðskrá bankans. Eindagi skuldarinnar og gjalddagi er sami dagur.
- iii. Útgefanda skal vera heimilt að tilkynna vanskil til Creditinfo Lánstrausts hf., og/eða annars/annarra sambærilegra aðila, til skráningar á skrá yfir vanskil.

- iv. Plús kort eru fyrirframgreidd kort og eru því frábrugðin öðrum kreditkortum að því leyti, að notuð er fyrirframgreiðsla til að standa straum af úttektum korthafa/handhafa. Ekki er heimilt að stofna til skuldar með notkun Plús korts, en slíkt getur þó gerst t.d. vegna bilana, síhringing virkar ekki á sölustað, gjaldtöku og gengismunar. Slíkar skuldbindingar gjaldfalla eftir að úttektartímabili lýkur í samræmi við ii. lið 8. gr. Korthafi/handhafi Plús korts getur hvenær sem er krafist innlausnar þeirrar inneignar sem á kortinu er, enda innlausnin í samræmi við ákvæði þetta. Korthafi/handhafi getur krafist innlausnar hvort sem er í heild eða að hluta. Innlausn í reiðufé getur einungis farið fram hjá gjaldkera. Þóknun fyrir innlausn hjá gjaldkera fer eftir verðskrá hverju sinni. Þegar Plús korti er lokað á korthafi/handhafi rétt á að fá ónýtta inneign greidda út. Í þeim tilvikum sem korthafi/handhafi hefur gert úttektarfærslur erlendis eða tekið út reiðufé hjá gjaldkera/hraðbanka á undangengnu 30 daga tímabili, eða reynt úttektir umfram innborganir sínar, áskilur útgefandi sér rétt til að halda inneign sem tryggingu í 30 daga fyrir greiðslu færslna sem mögulega hafa verið gerðar með kortinu, en seljendur hafa ekki enn sent inn úr afgreiðslutækjum sínum. Sé Plús kort notað fyrir sjálfvirkar greiðslur þarf korthafi að tryggja að inneign sé fyrir hendi á kortinu þegar greiðslan er skuldfærð. Forráðamaður ólöggráða einstaklings getur óskað eftir að fá útgefið Plús kort fyrir hönd þess ólöggráða. Forráðamaður ber ábyrgð á úttektum sem stofnað er til á meðan korthafi/handhafi er ólöggráða. Eftir að korthafi/handhafi er löggráða ber hann fulla ábyrgð á úttektum. Ef korthafi/handhafi Plús korts er í vanskilum við útgefanda vegna úttekta með öðru korti útgefna af útgefanda áskilur útgefandi sér rétt til að ráðstafa innstæðu korthafans/handhafans á reikningi Plús kortsins til greiðslu á því korti sem í vanskilum er þegar 3 dagar eru liðnir frá eindaga.
- v. Sé um veltukort að ræða er korthafa í sjálfsvald sett að borga inn á skuldina á eindaga eftir því sem honum hentar, þó ávallt að teknu tilliti til skilyrða útgefanda hverju sinni um lágmarksfjárhæð eða lágmarksprósentu af útistandandi skuld. Með greiðslu lágmarksfjárhæðar eða lágmarksprósentu af útistandandi skuld á veltukorti færast gjalddagi ógreiddra eftirstöðva til næsta mánaðar eftir lok yfirstandandi úttektartímabils. Vextir greiðast ekki af úttektum sem greiddar eru að fullu á næsta gjalddaga eftir lok úttektartímabilsins. Í þeim tilvikum þar sem korthafi nýtir þá heimild sína til að greiða aðeins hluta útistandandi skuldar, eða lágmarksfjárhæðina eða lágmarksprósentu af útistandandi skuld, reiknast vextir á ógreiddar eftirstöðvar frá gjalddaga og koma til greiðslu á næsta gjalddaga og reiknast síðan áfram milli næstu gjalddaga eða svo lengi sem korthafi nýtir sér heimild sína til að greiða aðeins hluta skuldarinnar. Sé lágmarksgreiðsla ekki greidd á gjalddaga telst öll skuldin vera í vanskilum og gjaldfallin og ber dráttarvexti frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu til greiðsludags. Heimild korthafa til að greiða aðeins lágmarksfjárhæðina, sbr. framangreint, er háð því að skuldin sé innan marka úttektarheimildar. Sé skuldin umfram úttektarheimild kortsins er korthafa skylt að greiða þá fjárhæð sem er umfram úttektarheimildina til viðbótar við lágmarksgreiðslu eða lágmarksprósentu af útistandandi skuld sem og vexti. Að öðrum kosti telst skuldin öll vera í vanskilum, gjaldfallinn í heild sinni og ber dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þegar korthafi er neytandi fellur veltukort undir lög nr. 33/2013 um neytendalán og telst til opins lánssamnings í skilningi laganna. Ákvæði lánssamninga sem gerðir eru um veltukort ganga framar skilmálum þessum.

9. VILLUR OG ÁBYRGÐ

- i. Útgefandi og/eða greiðslukortafyrirtæki áskilja sér rétt til að stöðva notkun kortsins vakni grunur af þeirra hálfu um sviksamlega kortanotkun. Telji korthafi að kort hans hafi verið notað með sviksamlegum hætti ber honum að tilkynna það án tafar til útgefanda eða greiðslukortafyrirtækjanna og hlutast til um að kortinu verði lokað. Korthafa ber skylda til að veita aðstoð við vinnslu málsins og að lágmarka tjónið eins og kostur er.
- ii. Korthafi skal tilkynna útgefanda án óparfa tafar, í síðasta lagi innan 10 daga frá eindaga greiðslu, verði hann var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu.
- iii. Þrátt fyrir i. og ii. liði 9. gr. hefur korthafi, teljist hann vera neytandi í skilningi laga um greiðslubjónustu nr. 114/2021, að hámarki 13 mánuði frá eindaga greiðslu til að tilkynna óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu. Tómlæti korthafa á að senda tilkynningu til útgefanda án óparfa tafar skv. ii. lið 9. gr. getur leitt til þess að korthafi fyrirgeri rétti sínum til endurgreiðslu.
- iv. Ef gerð er endurkrafa vegna svika þarf að loka korti.
- v. Korthafa ber fyrst að tæma endurkröfuúræði gagnvart söluaðila, áður en endurkröfu er beint að útgefanda kortsins. Útgefandi kortsins hefur milligöngu um að senda endurkröfu í kjölfar beiðni korthafa. Í þeim tilvikum sem endurkröfuréttur byggir á alþjóðlegum skilmálum kortafyrirtækja, en ekki á lögum um greiðslubjónustu, ræðst fjöldi endurkröfuhæfra færslna og tímamörk þeirra af breytilegum endurkröfureglum viðeigandi alþjóðlegs kortafyrirtækis. Nánari upplýsingar um fjölda færslna og tímamörk eru aðgengileg á heimasíðu bankans.
- vi. Ef söluaðili sem er viðtakandi kortafærslu er ófús eða ófær um að inna af hendi vöru eða þjónustu sem korthafi hefur greitt fyrir, atburði aflýst eða söluaðili hættur rekstri, getur korthafi sent skriflega kvörtun til útgefanda. Það á þó ekki við, sé vara eða þjónusta afhent úr hendi söluaðila en atriði er varða korthafa sjálfan hindra að hann geti nýtt sér þjónustuna eða veitt vörunni móttöku. Korthafi getur sent skriflega athugasemd til útgefanda allt að 90 dögum eftir að afhending vöru eða þjónustu átti að eiga sér stað. Kvörtuninni skulu fylgja fullnægjandi gögn til staðfestingar kaupum á þjónustunni s.s. hvað var pantað og

hvenær og hvernig átti að afhenda vöruna. Útgefandi sendir kvörtun til viðkomandi greiðslukortafyrirtækis til meðferðar. Telji greiðslukortafyrirtækið að varan og/eða þjónustan hafi sannanlega ekki verið innt af hendi vegna ofangreindra ástæðna, gerir greiðslukortafyrirtækið endurkröfu á færsluna til söluaðila. Útgefanda er heimilt að gera þá kröfu að korthafi óski fyrst eftir endurgreiðslu hjá söluaðila eða tæmi önnur lögbundin tryggingarræði, t.d. geri kröfu í Ferðatryggingasjóð vegna pakkaferða, áður en kvörtunin er send til viðkomandi greiðslukortafyrirtækis. Komi óviðráðanlegar ytri aðstæður upp (force majeure), svo sem náttúruhamfarir, sprengjuárás/sprengjuhótun, stríð, verkföll, faraldur, viðskiptabann, sjóttjón og óeirðir, sem varða ekki viðkomandi söluaðila eingöngu og sem koma í veg fyrir að söluaðili geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart korthafa, á korthafi ekki rétt á endurgreiðslu samkvæmt ofangreindu.

- vii. Sérhver ágreiningur út af gæðum vöru eða þjónustu skal leystur beint á milli korthafa og seljanda. Útgefandi ber enga ábyrgð á gæðum keyptrar vöru eða þjónustu.
- viii. Útgefandi ber ekki ábyrgð á tjóni korthafa geti hann ekki notað kort vegna galla í kortinu, þ.m.t. í örgjörva kortsins eða af öðrum tæknilegum ástæðum. Telji korthafi kort gallað skal hann skila kortinu til útgefanda. Reynist kortið gallað á korthafi rétt á nýju korti honum að kostnaðarlausu nema að korthafi hafi gerst brotlegur samkvæmt skilmálum þessum.
- ix. Útgefandi ber ekki ábyrgð á tjóni korthafa vegna tæknilegrar bilunar í hraðbanka, öðrum sjálfsafgreiðslutækjum eða þegar sjálfsafgreiðslutæki hefur ekki samband við heimildarkerfi útgefanda. Hvorki útgefandi né greiðslukortafyrirtækin bera ábyrgð á því ef korti er hafnað sem greiðslu hjá söluaðila eða í sjálfsafgreiðslutæki, né því tjóni sem leitt getur þar af.
- x. Endurgreiðsla til korthafa skal greidd inn á það kort sem viðkomandi úttekt var færð á. Fái korthafi endurgreitt vegna endurkröfu er sama upphæð endurgreidd og greidd var af korti í ISK. Sé endurgreiðsla frá söluaðila í annarri mynt en ISK notast Arion banki við endurgreiðslugengi sem birt er á heimasíðu Arion banka. Endurgreiðslugengið kann að vera annað en kortafærslan sjálf var gerð á. Greiðslur inn á kort sem ekki eru endurgreiðslur, heldur greiðslur, t.d. vegna sölu á vörum eða þjónustu, eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi kreditkorta, sem birtist á heimasíðu bankans.
- xi. Í þeim tilvikum að fyrir hendi er greiðsluþjónustusamningur milli korthafa og söluaðila um sjálfvirkar greiðslur, eða úttekt hefur verið gerð á kort korthafa eftir að þjónusta var afhent í tilviki bílaleiga, hótela og skemmtiferðaskipa, hefur korthafi 8 vikur frá færsludegi til að gera athugasemd með ósk um endurgreiðslu. Athugasemdin skal stutt viðeigandi gögnum. Innan 10 daga veitir útgefandi korthafa svar, að gefnum áðurgreindum skilyrðum, um rökstudda synjun eða endurgreiðslu með fyrirvara um að alþjóðlegar reglur greiðslukortafyrirtækjanna leiði til þess að hann eigi réttmætt tilkall til endurgreiðslu. Leiði alþjóðlegar reglur greiðslukortafyrirtækjanna til þess að korthafi eigi ekki réttmætt tilkall til endurgreiðslu verður hún innheimt af kortareikningi korthafa. Vilji korthafi ekki una niðurstöðunni getur hann skotið henni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki sbr. ii. liður 16. gr. eða telji niðurstöðu ekki rétta á grunni alþjóðlegra reglna greiðslukortafyrirtækjanna, getur korthafi óskað þess að Arion banki skjóti niðurstöðunni til úrskurðarnefndar VISA. Telji Arion banki slíkt málskot ólíklegt til árangurs skal hann upplýsa korthafa um það. Ákveði korthafi þrátt fyrir að Arion banka telji málskotið ólíklegt til árangurs skal korthafi sjálfur greiða málskotsgjald VISA. Mæli Arion banki með málskoti til úrskurðarnefndar VISA, greiðir bankinn málskotsgjaldið.

10. VANEFNDIR, LOKUN KORTA OG UPPSÖGN

- i. Kort er eign útgefanda og honum er heimilt að segja upp öllum kortum korthafa með tveggja mánaða uppsagnarfresti. Í eftirfarandi tilvikum er heimilt að segja upp öllum kortum fyrirvaralaust:
 - a. Ef korthafi og/eða reikningshafi vanefnir skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum.
 - b. Ef útgefanda grunar að korthafi og/eða reikningshafi hafi misnotað kortið eða kortareikninginn.
 - c. Hafi fjárnám verið gert hjá korthafa, reikningshafa eða hjá ábyrgðarmanni, komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi þeirra, hafi þeir leitað nauðasamninga eða ef öðrum kortum þeirra hefur verið lokað.
 - d. Við andlát korthafa og/eða reikningshafa.
 - e. Ef korthafi og/eða reikningshafi afhendir bankanum ekki fjárhagsupplýsingar og gögn, sem bankinn telur nauðsynlegar og eru fullnægjandi að mati bankans á hverjum tíma, samkvæmt beiðni bankans hverju sinni og innan þess frests sem bankinn veitir, til að bankinn geti uppfyllt skyldur sínar á hverjum tíma samkvæmt gildandi lögum og reglum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, svo sem um að gera áhættumat og kanna áreiðanleika skuldara.
 - f. Ef aðrar skuldbindingar korthafa og/eða reikningshafa við útgefanda eru í vanskilum eða lánssamningar þeirra eru vanefndir með öðrum hætti.
- ii. Ef korti er sagt upp samkvæmt i. lið 10. gr. er útgefanda heimilt, samhliða, að fella skuld á kortinu í gjalddaga og innheimta skuldina að fullu. Skuldin ber þá dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá og með uppsagnardegi til greiðsludags.
- iii. Sé korti lokað er kortnúmer skráð í lokanaskrá útgefanda eða greiðslukortafyrirtækjanna. Vegna áhættustýringar í kortaviðskiptum er heimilt að dreifa skrá um afturkolluð kortanúmer til sölu- og þjónustuaðila.

- iv. Ef útgefandi fer fram á að korthafi skili korti sem hefur verið lokað ber honum að gera það. Afhendi korthafi ekki innkallað kort getur útgefandi leitað annarra leiða til að fá kortið afhent, meðal annars með atbeina yfirvalda á kostnað korthafa.
- v. Korthafa er óheimilt að nota kortið eftir að gildistími þess rennur út eða því hefur verið lokað. Misnotkun kortsins varðar við lög, sbr. m.a. ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- vi. Vanefnd korthafa á skyldum sínum samkvæmt skilmálum þessum, þ.m.t. á greiðslu gjaldfallinna krafna vegna notkunar korts, geta leitt til þess að korthafi fái ekki nýtt kort útgefið síðar.
- vii. Vilji korthafi loka korti með uppsögn á samningi sínum við útgefanda skal hann tilkynna útgefanda það með 30 daga fyrirvara. Útgefandi endurgreiðir greitt árgjald hlutfallslega við lokun kortsins.
- viii. Fái korthafi nýtt kort í stað korts sem hefur glatast, verið sagt upp eða lokað, geta innstæður og sjálfvirkar greiðslur, s.s. boðgreiðslur færst á hið nýja kort, eða annað kort í eigu korthafa, að hluta til eða öllu leyti. Bankinn er ekki ábyrgur fyrir því að innstæður eða sjálfvirkar greiðslur færist á milli korta.
- ix. Sé korthafi neytandi hefur hann rétt til að falla frá fjarsölusamningi í skilningi laga nr. 33/2005 um fjarsölu fjármálaþjónustu, með þeim takmörkunum sem fram koma í lögunum, án greiðslu viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu, enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til bankans innan 14 daga frá þeim degi sem fjarsölusamningur er gerður. Fjarsölusamningur er samningur á milli neytanda og bankans um fjármálaþjónustu, t.d. kreditkort, þar sem eingöngu er notuð fjarskiptaaðferð, t.d. netbanki eða app, fram að og við stofnun samningsins.
- x. Enginn lágmarksgildistími á við um kreditkortareikninga sem Arion banka hf. gefur út.

11. GLÖTUÐ KORT – ÓHEIMIL ÚTTEKT

- i. Glatist kort eða korthafi verður var við óheimilaðar úttektir ber korthafa að tilkynna það tafarlaust til útgefanda eða viðkomandi greiðslukortafyrirtækis sem getið er um á heimasíðu útgefanda. Strax eftir að tilkynning hefur verið móttækin ber þeim sem móttók tilkynninguna að loka kortinu og koma í veg fyrir frekari notkun þess eða misnotkun.
- ii. Hafi glatað kort verið notað af óviðkomandi aðila áður en hvarf þess er tilkynnt er bankanum heimilt að krefja korthafa greiðslu sem nemur allt að jafnvirði 50 evra í íslenskum krónum miðað við sölugengi Arion banka eins og það er skráð hverju sinni, sbr. og ákvæði 80. gr. laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021. Korthafi er ábyrgur fyrir allri notkun og öllum úttektum sem staðfestar eru með persónubundnum öryggisþáttum, hafi hann ekki varðveitt þá í samræmi við skilmála þessa og sérstaklega xii. og xiii. lið 5. gr. enda telst varðveisla með öðrum hætti en getið er um í fyrrnefndum ákvæðum vera stórfellt gáleysi af hálfu korthafa. Hið sama á við um sviksamlega háttsemi af hálfu korthafa.
- iii. Korthafi ber ekki ábyrgð á notkun korts eftir að hann hefur tilkynnt það glatað, nema hann hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi eða stórkostlegt gáleysi. Korthafi ber ekki ábyrgð á notkun korts eftir að hann hefur sannanlega tilkynnt það glatað ef móttakandi tilkynningar hefur ekki lokað kortinu strax í kjölfar tilkynningar, sbr. i. lið 11. gr., nema korthafi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða sviksamlega háttsemi.
- iv. Finni korthafi kort sem tilkynnt hefur verið glatað er honum óheimilt að nota það. Tilkynna ber útgefanda fund kortsins.
- v. Óski korthafi eftir enduropnun korts sem tilkynnt hefur verið glatað ber hann ábyrgð á allri notkun kortsins meðan það var talið glatað.

12. GJALDTAKA

- i. Útgefanda er heimilt að færa korthafa til gjalda á kortareikning hans gjöld sem falla til í tengslum við útgáfu og notkun korts, svo sem árgjald, útskriftargjald vegna útgáfu reiknings, endurútgáfugjald, þjónustugjöld, afgreiðslugjald vegna afgreiðslu neyðarfjár, notkunargjöld, framleiðslugjöld og færslugjöld og önnur gjöld skv. verðskrá eins og hún er hverju sinni.
- ii. Sérstakt gjald er tekið af kortareikningi við millifærslu inneignar skv. verðskrá bankans eins og hún er hverju sinni.
- iii. Komi til vanskila skv. skilmálum þessum reiknast korthafa til gjalda innheimtukostnaður skv. verðskrá bankans eins og hún er hverju sinni.
- iv. Korthafi heimilar útgefanda að endurnýja kortið 10 vikum áður en gildistími þess rennur út og halda áfram að endurnýja kortið á þann hátt þangað til fyrirmæli berast um annað frá korthafa. Útgefanda er heimilt að færa korthafa til gjalda á kortareikning hans árgjald korts á gjalddögum gjaldsins.
- v. Öll gjöld reiknast samkvæmt auglýstri verðskrá Arion banka á hverjum tíma og eru þau skuldfærð af kortareikningi korthafa. Verðskrá er birt á heimasíðu Arion banka, www.arionbanki.is.
- vi. Mögulegt er að korthafi þurfi að greiða aðra skatta og/eða kostnað sem hvorki eru greiddir fyrir milligöngu Arion banka né innheimtir af honum.
- vii. Korthafi samþykkir að honum verði tilkynnt um breytingar á þeim gjöldum sem honum ber að greiða fyrir þjónustuna í verðskrá á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is.

13. VINNSLA PERSÓNUUPPLÝSINGA OG PERSÓNUVERND

- i. Arion banki vinnur persónuupplýsingar um korthafa í þeim tilgangi að veita umbeðna þjónustu vegna kreditkorta Arion banka, nánar tiltekið um nafn, kennitölu, heimilisfang, aðsetur, samskiptaupplýsingar (símanúmer og tölvupóstfang), upplýsingar um kreditkortid, s.s. greiðslukortanúmer, gildistíma og öryggisnúmer (CVC), tóka (sýndarnúmer) tengdum kreditkortinu og fjárhagslegar upplýsingar tengdar kreditkortinu, eins og nánar er lýst í persónuverndaryfirlýsingu Arion banka og almennum viðskiptaskilmálum Arion banka. Í þeim tilgangi að veita umbeðna þjónustu vegna kreditkorta Arion banka er bankanum nauðsynlegt að miðla framangreindum persónuupplýsingum til alþjóðlegra kortasamtaka og útgáfuvinnsluaðila bankans.
- ii. Svo unnt sé að veita viðskiptavini fyrirgreiðslu, m.a. í sjálfsafgreiðslu, tekur bankinn sjálfvirka ákvörðun um lánshæfi, lánshæfiskilyrði og lánaheimild, eftir atvikum á grundvelli persónusniðs viðskiptavinar til ákvörðunar um kreditortaheimild. Persónusnið byggist á persónuupplýsingum sem bankinn hefur um viðskiptavin, t.d. lýðfræðilegum upplýsingum, upplýsingum um lánshæfi, þ.e. lánshæfiseinkunn ásamt upplýsingum um viðskiptasögu viðskiptavinar.
- iii. Hafi korthafi tengt kreditkort við þjónustur þriðja aðila hjá Arion banka, til dæmis við rafrænar greiðslulausnir og/eða vildar-eða afsláttarkerfi, kann vinnsluaðili bankans að miðla persónuupplýsingum um korthafa til þriðja aðila, sem er samstarfsaðili bankans, í þeim tilgangi að gera korthafa kleift að nýta þjónustuna. Um vinnslu persónuupplýsinga í greiðslulausnum og/eða vildar- eða afsláttarkerfi þriðja aðila fer jafnframt eftir skilmálum og persónuverndarstefnu þriðja aðila. Bankinn getur móttengið upplýsingar frá þriðja aðila um skráningu viðskiptavinar í rafrænar greiðslulausnir og/eða vildar- eða afsláttarkerfi þriðju aðila til að koma í veg fyrir svik og vinna úr svikum.
- iv. Með því að samþykkja skilmála þessa veitir korthafi bankanum heimild til að safna, vinna og geyma persónuupplýsingar um korthafa og staðfestir að hafa kynnt sér persónuverndaryfirlýsingu Arion banka.

14. BREYTING Á SKILMÁLUM

- i. Bankinn hefur heimild til að breyta ákvæðum skilmála þessara einhliða og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir korthafa, snúa ekki að neytendum eða varða atriði sem falla utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021. Séu breytingar ekki til hagsbóta fyrir korthafa eða varða atriði sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu, taka breytingarnar gildi með tveggja mánaða fyrirvara. Breytingarnar eru birtar á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is. Er viðskiptavini tilkynnt um slíkar breytingar á rafrænu formi eða öðrum varanlegum miðli í samræmi við almenna viðskiptaskilmála bankans hverju sinni. Litið er svo á að korthafi hafi samþykkt breytinguna tilkynni hann ekki um annað fyrir fyrirhugaðan gildistökuþingdag breytinganna, sem og ef hann notar kortið eftir að nýir skilmálar hafa tekið gildi.
- ii. Ef korthafi sættir sig ekki við fyrirhugaðar breytingar á skilmálum þessum getur hann sagt upp samningi sínum við útgefanda fyrirvaralaust og án kostnaðar áður en breyttir skilmálar taka gildi. Ákvæði 10. gr. skilmála þessara gilda um uppsögnina að öðru leyti.

15. ÝMIS ÁKVÆÐI

- i. Korthafa er skylt að tilkynna aðsetursskipti til útgefanda til að tryggja að póstur s.s. heimsend kort geti borist honum með eðlilegum hætti.
- ii. Til að gera notkun korts erlendis mögulega má greiðslukortafyrirtæki staðfesta upplýsingar um kort til viðskiptaaðila þess erlendis.

16. RÉTTARÚRRÆÐI, LÖG OG VARNARÞING

- i. Samningur korthafa og útgefanda og skilmálar þessir lúta íslenskum lögum, svo og öll mál sem rísa kunna af notkun kortsins, nema um annað sé sérstaklega samið.
- ii. Korthafi getur skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði nefndarinnar sem fram koma í samþykktum hennar. Upplýsingar um úrskurðarnefndina er að finna á heimasíðu nefndarinnar, www.nefndir.is.
- iii. Rísi mál vegna brota á skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Korthafi samþykkir auk þess að útgefandi megi, kjósi hann slíkt, reka innheimtumál í því landi, sem korthafi hefur búsetu hverju sinni.

17. GILDISTÍMI

- i. Skilmálar þessir gilda frá 28. nóvember 2025.

SÉRÁKVÆÐI

Um neðangreind kort gilda eftirfarandi sérákvæði auk ofangreindra kortaskilmála. Sé misræmi milli sérákvæðanna og almennu kortaskilmálanna ganga sérákvæði þessi framár:

A. Viðskiptakort/Innkaupakort

- i. Viðskiptakort eru gefin út í nafni ákveðins aðila, sem telst reikningshafi, og veitir það tilteknum korthafa heimild til kortanotkunar fyrir reikning reikningshafa.
- ii. Reikningshafi er ábyrgur fyrir greiðslu á þeim úttektum sem berast á viðskiptakort nema ef sannast að um sviksamlegt athæfi hafi verið að ræða. Korthafi viðskiptakorts ber persónulega ábyrgð á öllum úttektum á kort sem gefið er út á hans nafn, óskipt með reikningshafa í eftirfarandi tilvikum:
 - a. Geti útgefandi sannað að korthafi hafi á þeim tíma er úttektin var gerð, vitað eða mátt vita að reikningshafi gæti ekki staðið við fjárskuldbindingar sem fólust í úttekt.
 - b. Þegar korthafi er eigandi, forsvarsmaður eða stjórnarmaður reikningshafa.
 - c. Þegar kort er notað til úttekta á reiðufé eða kaupa á ferðatökkum.
 - d. Þegar kort er notað í persónulega þágu korthafa, þ.e.a.s. þegar vara eða þjónusta sem greitt er fyrir með kortinu er ekki í þágu hagsmuna reikningshafa.
- iii. Gilda skilmálar þessir jafnt fyrir reikningshafa sem og korthafa þess. Reikningsyfirlit viðskiptakorts/innkaupakorts eru send korthafa eða reikningshafa eftir því sem við á.
- iv. Viðskiptakort geta haft kortatímabil og þ.m.t. eindaga sem eru frábrugðin almennu kortatímabili.
- v. Hámarks úttektir á viðskiptakort í eigu sama reikningshafa takmarkast af heildarnotkun korta í hans nafni en ekki hámarksheimild einstakra korta. Samanlagðar úttektir á viðskiptakort í nafni reikningshafa takmarkast af samþykktum lánaramma reikningshafa og kann því að vera að notkun viðskiptakorts verði takmörkuð í samræmi við ákvæði þetta, þó hámarksheimild einstakra korta hafi ekki verið fullnýtt.
- vi. Verði viðskiptakorti lokað, brotið gegn skilmálum útgefanda, fjárnám gert hjá reikningshafa eða korthafa eða ábyrgðarmanni, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi þeirra eða leiti þeir nauðasamninga, er útgefanda heimilt að afturkalla og loka öllum kortum sem reikningshafi hefur fengið. Verði korti lokað er öll kortanotkun frá þeim tíma á ábyrgð korthafa.
- vii. Segi aðili, sem veitt hefur tilteknum korthafa heimild til kortanotkunar fyrir sinn reikning, upp samningnum við útgefanda skal afhenda kortið/in ásamt fylgikorti/um til útgefanda. Á meðan fyrrnefndum kortum hefur ekki verið skilað er öll kortanotkun frá uppsagnardegi á ábyrgð reikningshafa.